

1872.

25. maí.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um andvirði fyrir strandað skip.

Með bréfi, dagsettu 1. marzm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað ávísanir bæði uppá verzlunarfélög hér í bænum og aðalféhirzluna til 4,905 rd. 77 sk., sem er andvirði þess, sem seldist á uppboði á hinu strandaða skipi „Elisabet“ frá Kaupmannahöfn og farmi þess, og jafnframt um leið og þér getið þess, að þér sendið dómsmálastjórninni upphæð þessa, sökum þess að þér hafið eigi getað gjört út um, hvernig skipta ætti fenu milli þeirra, sem í hlut ætti, hafið þér borið upp þá spurningu, hvernig eptirleiðis skuli fara með andvirði þess, sem bjargast af skipstrandi, að frádregnum kostnaði, þegar svo standi á sem hér, að útgjörðarmaður skips, sem strandar, sè eigi hinn sami sem eigandi farmsins á skipinu, og þá sèrílagi, hvort þér megið borga andvirðið til útgjörðarmannsins, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins 14. septbr. f. á., ¹⁾ þótt eigandi farmsins hafi tilkall til nokkurs hluta af því.

Jafnframt og vèr getum þess, að fyr nefndir 4905 rd. 77 sk. eru borgaðir hlutaðeigendum samkvæmt skaðajöfnuði, sem sýndur hefir verið stjórnarráðinu, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að það þykir réttast, þegar efasamt er, hvernig skipta eigi andvirði strands milli þeirra, sem í hlut eiga, að borga ekki neitt af því, fyr en farið verður eptir löglega tilbúnum skaðajöfnuði eða jafnaðarskrá, og skal þá beinlínis greiða þeim, sem hlut eiga að máli, það, sem hver þeirra hefir tilkall til.

63. Konungleg Auglýsing um að konungur sè kominn heim aptur. (á Íslenzku og Dönsku).

25. maí.

Vèr Christian hinn Níundi, o.s.frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr erum aptur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunn-

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 217.